

Upplýsingar um val – náttúrufræðibraut, 2. bekkur – vor 2020

Nú er komið að því að þú veljir þér valgreinar fyrir 3. bekk. Til að ljúka námi til stúdentsprófs þarftu að ljúka 35 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 20 að tilheyra einkennisgreinum náttúrufræðibrautar**, þ.e. raungreinum, raungreinaensku, sálfræði, stærðfræði, forritun og tölvufræði.

Miðað er við að þú takir **20 einingar í vali á haustönn í 3. bekk og 15 einingar á vorönn í 3. bekk**. Skoðaðu vel á hvaða þrepum áfangarnir eru sem þú velur. Hafðu í huga hvaða undirbúningskröfur eru gerðar í því námi sem þú stefnir á að loknu stúdentsprófi og veldu valáfanga í samræmi við það. Aðgangsviðmið háskólanna má finna á heimasíðu skólans undir **NÁMIÐ – VALGREINAR – Samantekt á aðgangsviðmiðum íslenskra háskóla**, með ábendingum um námsval í MA miðað við nýja námskrá http://www.ma.is/static/files/Namid/2017-2018/Adgangsviðmið_ny_namskra.pdf

Áfangalýsingar er að finna á heimasíðu skólans undir hlekknum **NÁMIÐ, VALGREINAR**, þar er bæklingur sem heitir **Valgreinabæklingur vor 2020** með stuttri lýsingu á hverjum áfanga. Athugið vel hver undanfari hvers áfanga er, þ.e. hvaða áföngum þið þurfið að hafa lokið til að geta skráð ykkur í tiltekna áfanga. Einnig þurfið þið að skoða hvaða áfangar falla undir sérgreinar brauta.

Mikilvægt er að þú kynni þér vel **reglur um val** sem fram koma í valgreinabæklingi á bls. 4.

Valkynning verður eftir hádegi fimmtudaginn 27. febrúar, klukkan 14.40-15.40 en þá sitja kennarar fyrir svörum um þá áfanga sem í boði eru.

Þú skráir valið þitt í Innu og í valgreinabæklingi er að finna leiðbeiningar um hvernig sú skráning fer fram.

Athugaðu að aðeins er hægt að velja einn áfanga úr hverri blokk, því að áfangar í sömu blokk eru kenndir á sama tíma.

Síðasti dagur til að skrá val í Innu er miðvikudagur 4. mars.

Brautastjórar og námsráðgjafar eru nemendum til aðstoðar við val og skráningu áfanga í Innu.

- SÍÐASTI DAGUR TIL AÐ SKRÁ VAL Í INNU ER MIÐVIKUDAGUR 4. MARS -

Áfangar í boði fyrir 3. bekk náttúrufræðibrautar skólaárið 2020-2021

HAUSTÖNN 2020

Nemendur velja einn áfanga úr hverri blokk og einn til vara. Einnig er hægt að velja einn áfanga utan blokka og sleppa þá einni blokk í staðinn. Skráning vals fer fram í Innu.

BLOKK 1	BLOKK 2	BLOKK 3	BLOKK 4	UTAN BLOKKA
Allur 3. bekkur	Allur 3. bekkur	3. NB	3. NB	Allur 3. bekkur
ENSK3CR05 FERÐ2ÍS05 HAGF2ÞJ05 HEIL2HL05 HEIM2TS05 HÖNN3VS05* HÖTE2PH05* LAND2AL05 LÍFF3EF05 RAUN3VE05 SÁLF2ÁH05 SPÆN1AA05 STÆR3LA05	ENSK3AV05 FÉLA3FF05 FORR2FO05 LÍFF3AN05 NÆRI3GR05 SAGA3VS05 STJÖ2AS05 STÆR3VS05 VÍMA2LL05 ÞÝSK2BE05	EFNA3ÓE05 LÍFF3FM05 STÆR3TX05	EÐLI3RA05 EFNA3LE05 SÁLF2GR05	ENSK3PL05 HEIM3YN05 ÍSLE2YN05 JARÐ2ÚT05** SAGA2US05

* Kennt í VMA **Heilsársáfangi

VORÖNN 2021

Nemendur velja einn áfanga úr hverri blokk og einn til vara. Einnig er hægt að velja einn áfanga utan blokka og sleppa þá einni blokk í staðinn. Skráning vals fer fram í Innu.

BLOKK 1	BLOKK 2	BLOKK 3	UTAN BLOKKA
Allur 3. bekkur 2. bekkur nema NB	3. bekkur nema RB	3. bekkur NB og RB	Allur 3. bekkur
EFNA3LR05 ENSK3AS05 FERÐ3EV05 FÉLA2LM05 HEIL2BL05 HÖTE2FA06* ÍSLE2KM05 LEIK2LL05 RAUN3UI05 SAGA3FB05 SÁLF2HÍ05 SJÓN1TF05* STÆR4CA05 UMHV2SU05	EÐLI4NU05 ENSK3HM05 FÉLA3AB05 ÍÞFR2ÞP05 LÍFF3PS05 SÁLF3HE05 SPÆN1BB05	EÐLI3EN05 ENSK3SV05 EFNA3LY05 FORR3GL05 HEIM2TS05 MENN2EK05 NÆRI3GR05 SAGA3NÚ05 SÁLF3UP05	ENSK3PL05 FRAN2PA05 HEIM3YN05 ÍSLE2YN05 MENN2YN05

* Kennt í VMA

- SÍÐASTI DAGUR TIL AÐ SKRÁ VAL Í INNU ER MIÐVIKUDAGUR 4. MARS -